

Hátíð í Dyngjufjöllum

Öskjugosið 1961 varð tilefni fimm ferða. Þá fyrstu fór ég með Tómasi Tryggvasyni áður en gosið hófst, að skoða jarðhitasvæði, sem hafði myndast þar sem eldgosíð kom síðan upp.

Næsta ferð var í fylgd Sigurðar Þórarinssonar og Árna Stefánssonar, og gott ef Elín Pálmadóttir var ekki einhvers staðar í farangrinum. Tvennt lifir í minningu um þá ferð og mér er erfitt að gera upp á milli hvað þyngra er á metunum þegar frá líður. Vissulega var eldgosíð tilkomumikið og margt hægt að læra um þess aðskiljanlegu náttúrur. Síðan hafa orið meiri og áhrifaríkari eldgos. Því verð ég að viðurkenna, að mér verður oft hugsað til heimferðarinnar í 16 manna smárútu Guðmundar Jónssonar og ekið sleitulaust frá Öskju til Reykjavíkur, komið heim að morgni. Alla þá nótt sagði Árni Stefánsson sögur af snilld og með tilþrifum, sem honum einum var lagið.

Þriðju ferð fórum við Sigurður Þórarinsson og Þorleifur Einarsson í bíl, sem okkur Þorleifi hafði tekist að útvega frá Atvinnudeild Háskólans eftir eitthvert þref. Þetta var í byrjun desember og fram til þess tíma hafði tíð verið fremur góð, vegir voru auðir og góðar líkur á að hægt væri að komast til Öskju. Eldstöðvarnar höfðu ekki verið kannaðar um nokkurt skeið, og enginn vissi hvort gos væri enn í gangi. Gárungar höfðu látið að því liggja að jarðfræðingar væru of lingerðir til átaka við íslenskan vetur, og því þyrfti að gera samning við forsögnina að láta jarðelda aðeins kvikna í sumarblíðu. Einhverra hluta vegna komumst við ekki af stað fyrr en eftir kvöldmat, og það féll í minn hlut að aka þessum ókunnuga Atvinnudeildar bíl norður heiðar í vægu frosti á auðum og góðum vegi. Þorleifur og Sigurður möluðu um jarðfræði við hlið mér í bílnum en athygli mín beindist að akstrinum og vélinni, sem malaði með traustvekjandi tilþrifum norður fyrir Holtavörðuheiði. Eftir það fór hún að hiksta, lítið í byrjun, en óreglan ágerðist og öll verkstæði lokuð um miðja nótt. Við ókum áfram. Um það leyti sem við héldum innreið í Akureyrarbæ var allur kraftur úr keyrslunni og vélin lét vægast sagt illa. Við fórum með bílinn á Þórsham-

ar, verkstæði KEA, og lýstum því yfir við Magnús verkstæðisformann að nú lægi mikið við, jarðfræðingar á leið til rannsókna og bíllinn yrði að vera tilbúinn fyrir hádegi. Jæja, sagði Magnús. Við spurðum hvort hann héldi þetta væri eitthvað alvarlegri bilun en svo, að þeir gætu ekki kippt þessu í lag í hveli. Ja-a, þetta er eins og kvef í mannskepnunni, sagði Magnús. Við köllum þetta nú úrbræðslu hér á Akureyri. Eftir hádegi fór að snjóa. Næsta dag voru allir vegir á Norður- og Austurlandi ófærir. Þorleifur og Sigurður flugu suður, en ég beiddi í viku eftir viðgerð á bílnum.

Fjórdða ferð var farin næsta sumar. Sigurður Þórarinsson útvegaði bíl Náttúrugripasafnsins til ferðarinnar, en auk okkar voru þeir Þorleifur Einarsson og Gunnlaugur Elísson með í ferð. Oft hef ég ekið milli Reykjavíkur og Akureyrar, en engin ferð var viðburðaríkari en þessi, þó með þeim hætti að ástæðulaust er að greina frá gangi ferðarinnar af nokkurri tiltakanlegri nákvæmni. Með fullkomlega löglegum, eðlilegum og útskýranlegum hætti veltum við bílnum tvisvar á leiðinni. Velturnar voru framkvæmdar af slíkri einstakri verklagni að enginn meiddist. Lítið skemmdist nema nokkrar bílrúður, og Sigurður lét í ljós einhverjar áhyggjur vegna hugsanlegra viðbragða Finns Guðmundssonar, en Finnur hafði taugar til bílsins. Þegar til Öskju kom var dálítill vindstrekkur og það rifnuðu af okkur tjöldin. Raunar tókst okkur víst aldrei að koma þeim upp áður en þau rifnuðu. Þetta var íslensk framleiðsla, og ættjarðarástin framkallaði gremju hjá Sigurði með þeim afleiðingum, að eftir heimkomuna sendi hann framleiðendum tóninn í blaðagrein. Það merkilega gerðist, að framleiðslan stórbatnaði. Það tók að vísu tuttugu ár, en sá tími er eðlilegur viðbragðstími í íslenskum iðnaði. Gremjan í Sigurði magnaðist líklega við það, að þegar við bjástruðum við tjöldin í neppunni hljóp í hann þursabit, sem hann átti vanda til að fá á þeim árum, og mátti sig vart hræra. Við brugðum á það ráð að leita afdreps í hellisskúta í nýja hrauninu. Hraunið var enn vel heitt og við gátum búið um okkur við hellismunnann í notalegri hlýju.